


# Fjarmælivefurinn

<http://fjarmaeling.or.is>

Fjarmæling kallast sú aðferð að mæla orkunotkun með sjálfvirkum hætti. Aðal kostur þessarar aðferðar er sá að staða mælis er tekin á 15 mínútna fresti og gögnin send með nútíma fjarskiptatækni í gagnagrunn á rauntíma (þ.e. 5 klst. eftir miðnætti liðins sólarhrings). Þannig fást mun betri upplýsingar um orkunotkun en þegar lesið er af einu sinni í mánuði eins og algengt er hjá fyrirtækjum. Þessar upplýsingar má nota til að finna taxta sem henta viðkomandi veitu og sjá hvernig haga má rekstri með tilliti til bættrar orkunýtingar.

Orkuveita Reykjavíkur hefur frá árinu 1996 boðið upp á fjarmælingu og hefur fjöldi íslenskra fyrirtækja nýtt sér þessa tækni til að greina orkunotkun sína. Með tilkomu fjarmælivefsins urðu þessar upplýsingar aðgengilegri og á síðustu árum hefur vefurinn verið í mikilli þróun og er nú áhrifaríkt tól þar sem greina má orkunotkun á einfaldan og myndrænan hátt.



The screenshot shows the homepage of the Fjarmælivefurinn website. At the top, there is a banner image of a stormy sea with the Orkuveita Reykjavíkur logo on the left and the text 'FJARMÆLIVEFURINN' on the right. Below the banner, the page is divided into two main columns. The left column contains a welcome message, information about the service, and a registration form with a 'Athuga' button. The right column features a 'Nýjustu breytingar' section with a list of updates, an 'Innskráning' (Registration) form with fields for 'Notandi' and 'Lykilorð', a 'STADFESTA' button, and a 'Týnt lykilorð' field. Below the registration form is a 'Prófunaraðgangur' (Test Access) section with a 'Prófunaraðgangur' button. At the bottom right, the contact email 'Vefstjóri: [fjarmaeling@fjarvirkni.is](mailto:fjarmaeling@fjarvirkni.is)' is displayed.

Á fjarmælivefnum hefur notandi á einum stað eftirfarandi upplýsingar:

- Yfirlit yfir allar fjarmældar veitur sínar.
- Nákvæmar rauntíma upplýsingar um notkun hverrar fjarmældrar veitu fyrir sig, tölulega samantekt og myndrit.
- Myndrit miðað við mismunandi tímabil (ár, mánuði, vikur, daga).
- Einnig má prenta út yfirlit, flytja gögn (tímaraðir) yfir í Excel og breyta stillingum eftir hentugleika.


Viljir þú nýta þér kosti fjarmælingar og fá jafnframt aðgang að fjarmælivefnum má hafa samband við Sóludeild Orkuveitunnar í síma 516-7600 eða með tölvupósti á netfangið [sala@or.is](mailto:sala@or.is).

## Yfirlitsmynd

Þegar notandi hefur skráð sig inn á fjarmælifinn birtist yfirlitsmynd yfir allar fjarmældar veitur á viðkomandi kennitölu.

Á yfirlitsmyndinni sjást grunnupplýsingar um hverja veitu og myndrit yfir orkunotkun í viðkomandi mánuði eða ári. Hægt er að velja tímabil yfirlitsins með því að smella á STILLINGAR. Til að fá nánari upplýsingar um hverja veitu má smella á viðkomandi mynd.

Prófunaraðgangur á <http://fjarmaeling.or.is> er öllum opin og um að gera að nýta sér hann til að kynna sér málið. Eins og sjá má á myndinni eru 7 mismunandi veitur sýndar og því hægt að glöggva sig á því hvernig upplýsingar um veitur á hinum ýmsu töxtum eru framsettar.



## Upplýsingar um hverja veitu

Þegar veita hefur verið valin birtast nákvæmar upplýsingar um þá veitu. Í þessu dæmi var smellt á *B1D Prófunarstöð*.

Efst er stjórnborð þar sem velja má tímabil:

- D = Sólarhringstímabil
- V = Vikutímabil
- M = Mánaðartímabil
- Á = Árstímabil

Með örvahnöppunum hægra megin við tímabilshnappana má flakka milli tímabila.

Hægra megin við örvahnappana eru hnappar sem gera notendum kleift að prenta, færa gögn yfir í Excel og sjá þannig tímaraðir. Þá er einnig hægt að breyta aðgangsstýringum fyrir undirnotendur.

Til að fara aftur í upphafsvalmyndina er smellt á YFIRLIT. Til að fá lista yfir allar fjarmældar veitur notanda er smellt á LISTI.

Til að breyta tímabili á yfirlitsmynd og myndauppröðun við skoðun mælinga er smellt á STILLINGAR. Þar má jafnframt breyta lykilorði.

Óskir þú eftir frekari upplýsingum um fjarmælingu og fjarmælifinn, hafðu þá endilega samband við okkur í Söluveild Orkuveitunnar í síma 516-7600 eða með tölvupósti á netfangið [sala@or.is](mailto:sala@or.is).

